

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

14. fundur, 28. janúar 2003

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 28. janúar 2003 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 17.15.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Fjárhagsáætlun.
2. Önnur mál.

1. Fjárhagsáætlun.

Að beiðni formanns reifaði héraðsskjalavörður málið og lagði fram gögn í því sambandi, m.a. blað með áætlunartölum eins og þær litu út eftir fyrri umræðu um fjárhagsáætlun, en seinni umræða stóð yfir sama dag og stjórnarfundur var haldinn. Talað hafði verið um að einhverjar breytingar væri enn eftir að gera á drögum að fjárhagsáætlun bæjarins og upplýst að sviðsstjóri tólmstunda- og menningarsviðs hefði óskir og hagsmuni safnsins í huga í því sambandi.

Í sambandi við áætlaðan launalið í fyrrgreindum áætlunartölum ítrekar stjórnin fyrri beiðni um að ráðinn verði starfsmaður í fullt starf í safninu ásamt héraðsskjalaverði (sbr. 12. fg., 4.1. b og 13. fg., 2. 1.a). Borist hafði svar við fyrirspurn héraðsskjalasafnsins frá Héraðsskjalasafninu á Akureyri um hvernig framlag ríkisins til héraðsskjalasafna sem Þjóðskjalasafn útdeilir (sbr. 13. fg. 1.1. c) er bókfært fyrir norðan. Þess er óskað að sami háttur verði hafður á í Kópavogi og framlagið, sem nú hefur hækkað úr 300 í 500 þús. kr. til Héraðsskjalasafns Kópavogs, verði bókfært sem tekjuliður. Stjórninni er kunnugt um að safnið vantar pappírstætara, öskjur o.fl. sem telst til nauðsynlegs búnaðar og vill að úr því verði bætt í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar í samráði við héraðsskjalavörð.

2. Önnur mál.

- a) Héraðsskjalavörður skýrði frá kynnis- og skoðunarferð sinni í Héraðsskjalasafnið á Akureyri sem stofnað var 1969 og er vel sótt. Í viðbyggingu við Amtsbókasafnið, sem nú er í byggingu, er því ætlað hlutfallslega meira pláss en bókasafninu. Þar verður á þriðju hæðinni sérstakt fræðimannsherbergi og lestrarpláss þar að

- auki fyrir 5-6 fræðimenn. Auk héraðsskjalavarðar, sem er bókasafnsfræðingur, en sinnir ekki mikið daglegri skráningu, starfar þar sagnfræðingur í fullu starfi. Til safnsins má sækja góðar fyrirmyndir um vinnubrögð, búnað og frágang.
- b) Héraðsskjalasafn Kópavogs hefur gegnum kerfi bæjarins aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins til að leita að og safna efni um Kópavog. Samþykkt var að leita eftir aðgangi að Netheimum í sama skyni.
 - c) Héraðsskjalavörður vinnur nú að því í samráði við fólk í Þjóðskjalasafni að athuga þar og safna efni um Kópavog.
 - d) Fagnað var nýjum upplýsingum um að Þorsteinn Sigmundsson í Elliðahvammi hefði haft samband við héraðsskjalavörð vegna gamalla mynda og gagna úr Kópavogi.
 - d) Í umræðum um auglýsingar og auglýsingakostnað var bent á að Mosfellsbær hefði sent bæjarbúum bréf til að vekja athygli á safni sínu og hlutverki þess og leita eftir gögnum. Samþykkt var að Héraðsskjalasafnið auglýsti á vef bæjarins, í bæjarblöðum og Morgunblaðinu.
 - e) Skoðuð var safnasíðan í tengslum við heimasíðu bæjarins og síða frá Þjóðskjalasafni sem tengist Kópavogi, gerðar við þær athugasemdir og héraðsskjalaverði falið að leita eftir viðeigandi breytingum og leiðréttingum.
 - f) Gert er ráð fyrir næsta fundi um miðjan febrúar.

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 19.00.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Hjörtur Pálsson
ritari

Leo Ingason
héraðsskjalavörður